



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2009

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	3
Skýrsla framkvæmdastjóra	4
Yfirlit yfir starfsemi NSA	5
Starfsmenn	6
Stjórn	7
Fulltrúar NSA í stjórnnum fyrirtækja	8
Helstu fjárfestingarverkefni NSA	11
Ársreikningur	31
Rekstrarreikningur árið 2009	35
Efnahagsreikningur	36
Skýringar	39



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
ÁRSSKÝRSLA 2009





AFL TIL FRAMFARA **ÁVARP STJÓRNARFORMANNS**

Endurreisn efnahagslífsins og endurheimt lífskjara almennings hvílir á því að atvinnulífið vaxi og dafni í sinni fjölbreyttustu mynd. Höfuðáherslu þarf að leggja á að efla og styrkja þær greinar og fyrirtæki sem eru best í stakk búin til þess að afla þjóðarbúinu tekna með sem minnstum tilkostnaði.

Á næstu tíu árum blasir við að um 35.000 manns þurfa störf. Kappkosta þarf að sem flestir fái störf við útflutningsgreinar. Störf hjá fyrirtækjum sem framleiða og selja vörur og þjónustu með miklum virðisauka og geta greitt góð laun.

Hefðbundnar greinar á borð við landbúnað, sjávarútveg eða mannvirkjagerð munu ekki nema í mjög takmörkuðum mæli bæta við sig starfsfólki á komandi árum. Þess vegna verður að róa að því öllum árum að efla hátæknifyrirtæki, þ.e. fyrirtæki sem byggja á rannsóknar- og þróunarstarfi og hafa burði til þess að ná fótfestu á erlendum mörkuðum. Mörg dæmi sanna að íslensk fyrirtæki hafa alla burði til þess að ná mjög góðum árangri ef vel er á spilum haldið.

Á næstu misserum þarf að draga úr kostnaði við rekstur samfélagsins. Undan því verður ekki vikist. Hitt má ekki gerast að fyrirtækin sem við ætlum og verðum að byggja framtíð okkar á nái ekki dafna. Þau verða að hafa aðgang að vel menntuðu fólki í verk- og tæknigreinum hvers konar. Þær greinar verður að

verja í niðurskurði. Tæknipróunarsjóð verður að efla og hin nýja Íslandsstofa verður að sinna þessum fyrirtækjum af miklum þrótti. Allir verða að toga í sömu átt og forgangsraða í þágu þess að sem flest fyrirtæki af þessu tagi nái flugi.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur sýnt og sannað að hann gegnir lykilhlutverki í uppbyggingu fyrirtækja framtíðarinnar og hefur sem betur fer getað fjárfest af krafti á liðnu ári og mun gera það áfram.

Hér má ekkert lát verða á.

JÓN STEINDÓR VALDIMARSSON, STJÓRNARFORMAÐUR



ÁFRAM VEGINN AÐ SAMEIGINLEGU MARKMIÐI

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA

Árið 2009 var mikið rætt um nýsköpun á Íslandi. Það hefur orðið merkjanleg viðhorfsbreyting til nýsköpunarfyrirtækja á landinu. Eftir reynslu undangenginna ára virðast Íslendingar sammála um það að verðmætasköpun er þjóðfélaginu mun mikilvægari en tilfærsla verðmæta. Ekki er á allra færi að eiga góða nýsköpunarhugmynd sem getur lagt grunninn að góðu útflutningsfyrirtæki. Þannig að þeim sem tekst að stofna og byggja upp slíkt fyrirtæki ættu að vera mikils metnir.

Árið 2009, sem var flestum íslenskum fyrirtækjum þungt rekstrarár, var að mörgu leyti gott ár fyrir nýsköpunarfyrirtæki. Þau nýsköpunarfyrirtæki sem voru komin með útflutningstekjur nutu góðs af lágu gengi krónunnar. Flest fyrirtæki áttu mun auðveldara með að ráða til sín reynda stjórnendur og starfsmenn en fyrri ár. Þá nýttist starfsorkuúrræði Vinnumálastofnunnar sem og hin ýmsu frumkvöðlasetur sem opnuð voru á árinu mörgum fyrirtækjum ágætlega.

En lágt gengi krónunnar, vaxandi atvinnuleysi, tímabundin úrræði vinnumálastofnunnar og ódýr leiga eru engu að síður ekki það sem við getum byggt samkeppnishæfni Íslands á til langs tíma. Þetta eru allt saman skemmri tíma lausnir.

Til lengri tíma litið þarf fjárfesting í íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum að skila þjóðinni verðmætum fyrirtækjum þar sem einstaklingar kjósa að starfa við vel launuð störf. Nýsköpunarfyrirtæki dagsins í dag verða sum hver helstu útflutningsfyrirtæki morgundagsins og það er þörf áminning að benda á að útflutningur dafnar best í stöðugu gjaldeyrisumhverfi. Það er mun hagsælla að flytja út vöru og þjónustu sem byggja á sköpunargáfu, þekkingu og alþjóðlegu markaðsstarfi, heldur en á ódýru vinnuafli.

Til að byggja öflugt nýsköpunarumhverfi þurfum við því að hafa aðgang að góðum viðskiptahugmyndum, þekkingu og fjármagni. Við þurfum að hafa framúrskarandi menntun á öllum sviðum vísinda, tækni og öðrum skapandi greinum; menntun í góðum viðskiptaháttum og djúpa þekkingu á

nýsköpunarferlinu öllu. Fjármagn er jafn nauðsynlegt þekkingunni. Ef við ætlum að byggja upp gott umhverfi nýsköpunar á Íslandi þurfa þessir þættir að starfa saman.

Það er gleðiefni að segja frá því að íslenskt samfélag er augljóslega að vinna að þessari uppbyggingu. Háskólarnir virðast meðvitaðir um sínar skyldur og eru að leggja áherslu á menntun sem getur skilað þekkingu inn í frumkvöðlaumhverfi framtíðarinnar. Hin ýmsu ráðgjafarfyrirtæki og stofnanir atvinnulífsins skila góðu starfi við að byggja upp tæknilega þekkingu á nýsköpunarferlinu öllu.

Jafnframt hefur aðgengi að fjármagni batnað mikið nú á síðasta ári. Frumtak hóf að fjárfesta á síðasta ári og Auður 1 byrjaði að fjárfesta í auknum mæli. Auk þess var merkjanleg þátttaka svokallaðra viðskiptaengla snemma í fjárfestingarferlinu og Tækniþróunarsjóður og AVS gerðu sitt. Erlendir fjárfestar hafa meira segja verið að leita fyrir sér hérlendis. Stórmerkileg þróun í kjölfar laga um gjaldeyrishöft og hryðjuverk.

Hvað fjármagn varðar, þá er það nokkuð ljóst að það vantar fjármagn fremst og aftast í fjárfestingarferli nýsköpunar. Rannís og Tækniþróunarsjóður ná ekki að anna öllum góðum umsóknum. Við hjá Nýsköpunarsjóði finnum fyrir því, að enn sem komið er, erum við eini sjóðurinn á markaðinum sem fer inn í fjárfestingar þegar fyrirtæki er bara hugmynd á blaði, án nokkurra sölu eða áþreifanlegrar vöru. Fjármagn Nýsköpunarsjóðs er takmarkað.

Jafnframt vantar fjárfesta aftast í ferlinu, þegar fyrirtækjum gengur mjög vel. Það kostar peninga að skala upp hugmynd til að ná alþjóðlegri útbreiðslu. Þar að auki er það nauðsynlegt að sjóðir eins og Nýsköpunarsjóður geti selt sig út úr fjárfestingum til fyrirtækja eða sjóða sem eru mun aftar í ferlinu. Því hver arðbær útganga hjá Nýsköpunarsjóði þýðir að sjóðurinn fær frekara fjármagn til að fjárfesta fremst í fjárfestingarferlinu.

Fremst í fjárfestingarferlinu fæst mikið fyrir lítið, það þarf hlutfallslega lítið fjármagn til að efla styrkjakerfið og til að stofna annan sprotasjóð. Jafnframt

er samstarf við viðskiptatengla mikilvægt á þessu fjárfestingarstigi. Gott væri að sjá fleiri einstaklinga með reynslu úr atvinnulífinu koma með fjármagn inn í sprotafyrirtæki.

Aftast í fjárfestingarferlinu er gott samstarf við erlenda fjárfesta og fyrirtæki nauðsynlegt. Þau íslensku þekkingarfyrirtæki sem náð hafa árangri, eins og t.d. CCP, Marel og Össur hafa öll fengið inn stóra erlenda fjárfesta á einhverjum stigum sem hafa komið inn í fyrirtækin með fjármagn, þekkingu og viðskiptasambönd.

Það skal áréttað að starf fjárfestingarsjóðs í nýsköpun felst að miklu leyti í því að tengja saman góðar hugmyndir og fjármagn og síðan fylgja fjármagninu eftir til framkvæmda. Án góðra hugmynda, kjarks og ástríðu væri engin nýsköpun á Íslandi. Sá sem á hugmyndina eða kemur auga á viðskiptatækifærið á miklar þakkir skyldar og vonandi tekst okkur að halda áfram að skapa hér þjóðfélag þar sem góðar hugmyndir eru mikils metnar og við höfum þor og getu til að fylgja þeim eftir.

En eins og við vitum líka þá er góð hugmynd ein og sér ekki nægilega til að stofna og reka fyrirtæki. Til að hugmyndin verði að veruleika þarf fjármagn, framkvæmdagetu, þekkingu og þrautseigju. Til þess að hafa gott umhverfi fyrir nýsköpun þurfa allir þessir þættir að vera til staðar. Þessir þættir fyrirfinnast ekki í einum einstaklingi eða stofnun og því mikilvægt að það sé samstarf innan nýsköpunargeirans og gagnkvæm virðing á meðal frumkvöðla, fjárfesta, stjórnenda, stjórnvalda og atvinnulífsins. Öll erum við að vinna að sama markmiði.

Ég þakka stjórn og starfsmönnum NSA fyrir mjög gott samstarf á liðnu ári.

HELGA VALFELLS

REKSTUR NÝSKÖPUNARSJÓÐS

Rekstur Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gekk vel á árinu 2009 og skilaði sjóðurinn 13 milljóna króna hagnaði og handbært fé frá rekstri nam 252 milljónum króna.

Á árinu fjárfesti Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fyrir samtals 1.042 milljónir króna. Fjárfest var í 7 nýjum sprotafyrirtækjum fyrir samtals 370 milljónir króna, í 10 fyrirtækjum sem sjóðurinn átti í áður fyrir samtals 349 milljónir króna og í 3 samlagssjóðum fyrir samtals 323 milljónir króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu heildareignir sjóðsins í lok árs 4.302 milljónum króna. Bókfært eigið fé sjóðsins var á sama tíma 4.168 milljónir króna og er eiginfjárlutfall sjóðsins því 97%. Í árslok átti Nýsköpunarsjóður hlut í 34 sprotafyrirtækjum og gekk rekstur margra þeirra vel á síðasta ári. Eignarhlutar sjóðsins í þessum félögum nema að kaupverði 2,6 milljörðum króna. Þá á sjóðurinn hlut í þremur samlagssjóðum og nemur kaupverð eignarhluta í þeim sjóðum 485 milljónum króna.

Starfsmenn sjóðsins eru 6 og fjölgaði þeim um 1 á árinu 2009.

Framkvæmdastjórnaskipti voru hjá sjóðnum þann 20. mars 2010 er Finnbogi Jónsson kvaddi sjóðinn eftir farsælt starf.

Þau nýju verkefni sem Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins fjárfesti í á síðasta ári eru eftirfarandi:

Gogoyoko ehf

Gogoyoko er tónlistar- og samskiptavefur þar sem tónlistafólk og unnenndur tónlistar stunda milliliðalaus viðskipti og samskipti. Gogoyoko veitir í raun aðgang að alheimsmarkaði milliliðalaust. Starfsmönnum hefur fjölgað verulega á árinu og eru nú 23.

Starfsmenn Nýsköpunarsjóðs og Frumtaks f.v.:

Smári Þórarinnsson (NSA),
Svana Gunnarsdóttir (Frumtak),
Eggert Claessen (Frumtak),
Helga Valfells (NSA),
Gísli Benediktsson (NSA),
Svala Vignisdóttir (NSA) og
Finnur Árnason (NSA).



Gogogic ehf

Gogogic sérhæfir sig í frumlegri leikjahönnun, gerð smærri tölvuleikja og framleiðslu margmiðlunarefnis fyrir vefinn. Fyrirtækið hefur m.a. gefið út tölvuleikinn Symbol6 fyrir iPhone og iPod Touch. Hjá fyrirtækinu starfa nú 18 manns.

Auris ehf

Auris er fyrirtæki sem vinnur að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar gegn bráðri miðeyrnabólgu hjá börnum. Lyfinu er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklameðferðar sem getur valdið lyfjaónæmi. Félagið hefur gert samning um klínískar rannsóknir þar sem lyfið verður prófað og á þeim að ljúka á miðju ári .

Gagnavarslan ehf

Gagnavarslan veitir fyrirækjum og stofnunum margþætta þjónustu og ráðgjöf við skipulagningu og varðveislu gagna af öllum gerðum. Gagnavarslan hefur þróað og byggt upp sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Í geymslum félagsins á Ásbrú í Reykjanesbæ er hægt að geyma pappír- og rafræn gögn, listaverk og menningaminjar við rétt hita- og rakastig. Hjá félaginu starfa 35 manns.

Mentis Cura ehf

Mentis Cura hefur þróað aðferð og búnað sem greinir heilasjúkdóma út frá heilalínuritum. Með aðferðinni er unnið að því að sjúkdómar verði greindir fyrr og af meira öryggi en áður og þar með aukið möguleika á lækningameðferð. Markaðssetning á búnaði félagsins til greiningar á Alzheimersjúkdómi er hafin í samstarfi við stórt alþjóðlegt fyrirtæki á heilbrigðissviði. Hjá Mentis Cura starfa nú 9 manns.

Grapewire ehf

Grapewire er leiðandi í framsetningu og þróun netviðskiptalausna fyrir tónlistarmenn og aðra í skyldri starfsemi. Félagið hefur að leiðarljósi að einfalda framsetningu í dreifingu og sölu í hinum stafræna heimi. Þá vinnur Grapewire að byltingarkenndri nálgun í streymi á tónlist. Sú þjónusta fer í loftið í maí 2010. Starfsvettvangur félagsins er bæði hér heima og erlendis.

Kerecis ehf

Kerecis er þróunar- og framleiðslufyrirtæki á sviði lækningavara og byggir tækni sína á próteinum unnum úr fiski. Fyrirtækið vinnur í náinni samvinnu við heilbrigðisstéttir og vinnur að þróun á tækni til meðhöndlunar á sköðuðum vef. Fyrirtækið nýtur góðs af samstarfi við Matis og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.



Grétar Þorsteinsson

Grétar er fæddur og uppalinn austur á Rangárvöllum. Lauk sveinsprófi í húsmíði 1962, starfaði í byggingariðnaðinum til 1978. Kjörinn formaður Trésmíðafélags Reykjavíkur 1978, nokkrum árum síðar kjörinn formaður Sambands byggingarmanna, kjörinn fyrsti formaður Samiðnar 1993. Kosinn forseti Alþýðusambands Íslands 1996 og gegndi því starfi til loka október sl. Stjórnarmaður NSA frá 2005 og sat sem varamaður í stjórn NSA frá 2001.



Arnar Sigurmundsson

Varaformaður stjórnar NSA. Arnar er fæddur í Vestmannaeyjum 1943. Formaður Samtaka fiskvinnslustöðva – SF – frá 1987 og form. stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða frá 2006. Tók virkan þátt í undirbúningi að stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 1997 fyrir hönd sjávarútvegsins og hefur átt sæti í stjórn sjóðsins frá upphafi, þar af sem formaður frá 1997–2004. Átti sæti í bæjarstjórn Vestmannaeyja um fimmtán ára skeið og hefur frá 2006 verið formaður Framkvæmda- og hafnarráðs Vestmannaeyjabæjar.



Sigrún Valdimarsdóttir

Fædd í Reykjavík 1955, uppalin í Kópavogi. Starfaði hjá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1978-1983, sauðfjárbóndi frá 1983-2000, ferðapjónustubóndi frá 1988. Situr í Stjórn Félags ferðapjónustubænda, Selaseturs Íslands og er formaður ferðamálafélags Vestur–Húnavatnssýslu.



Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðný er fædd og uppalin í Keflavík og stúdent frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Lauk Cand. Oecon prófi í viðskiptafræðum af fjármálasviði frá Háskóla Íslands árið 1998. Ráðgjafi hjá Streng hf 1998–2002. Sveitarstjóri á Raufarhöfn 2002–2006. Viðskiptastjóri hjá Maritech ehf frá árinu 2006. Stjórnarmaður í NSA, stjórnarformaður Ábyrgðasjóðs launa, situr sem varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins.



Jón Steindór Valdimarsson

Stjórnarformaður NSA. Jón er fæddur og uppalinn á Akureyri og stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1978. Lauk embættisprófi í lögum frá HÍ árið 1985. Starfaði um tíma í fjármálaráðuneytinu en síðan hjá Vinnuálagssambandinu. Réðst til Félags íslenskra iðnrekenda 1988 og starfaði síðan hjá Samtökum iðnaðarins frá stofnun þeirra haustið 1993, lengst af sem aðstoðarframkvæmdastjóri en framkvæmdastjóri frá hausti 2007. Stjórnarformaður NSA, stjórnarformaður Tækniskólans, situr í stjórn Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og átti um árabíl sæti í ráðgjafanefndum EFTA og EES.

STJÓRN NSA



Helga Valfells

Stjórnarseta fyrir NSA: Frumtak (formaður), Innovit ehf, Mentor (formaður), Fjölblendir, Gagnavarslan og Nikita.

Helga lauk BA-prófi í hagfræði og enskum bókmenntum frá Harvard University 1988 og MBA prófi frá London Business School árið 1994.

Helga hefur unnið hjá Estée Lauder UK, Merrill Lynch International Europe og Útflutningsráði Íslands. Helga hefur jafnframt starfað sem sjálfstætt starfandi ráðgjafi og aðstoðamaður Gylfa Magnússonar viðskiptaráðherra. Helga hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði í ágúst 2009 og var ráðin framvæmdarstjóri í mars 2010.



Smári Þórarinnsson

Stjórnarseta fyrir NSA: Atall ehf, Framtíðartækni ehf, Genís ehf, Gogogic ehf, Gogoyoko ehf, Loðskinn ehf, Norrænar myndir ehf, Sauðskinn ehf, Sjávarleður ehf og Stjörnu-Odda hf.

Smári er fjármálastjóri Nýsköpunarsjóðs og hefur verið það frá stofnun hans 1998.

Hann starfaði áður hjá Fiskveiðasjóði Íslands frá 1978 til 1997, fyrst sem bókarari og svo deildarstjóri tölvudeildar. Síðustu 5 árin sem hann starfaði þar gengdi hann stöðu aðalbókara.



Gísli Benediktsson

Stjórnarseta fyrir NSA: Stiki ehf, Mentor ehf, Lífeind ehf, Íshestar ehf, Kine ehf, Valka ehf, Dohop ehf og Auris ehf.

Gísli hefur unnið hjá Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins frá stofnun. Áður var hann sérfræðingur hjá lðnlánasjóði og hafði þá m.a. umsjón með Vöruþróunar- og markaðsdeild sjóðsins. Eftir stúdentspróf frá M.R. og útskrift frá viðskiptadeild Háskóla Íslands árið 1971 starfaði Gísli sem skrifstofustjóri hjá Félagi íslenskra iðnrekenda í 4 ár og útibússtjóri hjá lðnaðarbanka Íslands hf í eitt ár.



Finnur Árnason

Stjórnarseta fyrir NSA: Akthelía ehf, Atall ehf (formaður), Framtíðartækni ehf (form.), Genís ehf, Grapewire ehf, Hafmynd ehf, Marorka ehf, Mentis Cura ehf, Oxymap ehf, Primex ehf (form.), Sjávarleður hf (form.), Loðskinn ehf (form.), Sauðskinn ehf (form.).

Finnur Árnason er stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð og búfræðingur frá Hvanneyri. Hann lauk B. Sc. námi í efnafræði við Háskóla Íslands og Fil. Cand. prófi í rekstrarhagfræði frá Háskólanum í Gautaborg. Finnur hefur unnið fjölbreytt störf til sjávar og sveita og komið að stjórn og rekstri fyrirtækja í sútun, harðviðarþurrkun og málningarframleiðslu. Finnur hóf störf hjá Nýsköpunarsjóði á árinu 1999 og hefur setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja.



Elín Þórðardóttir

Stjórnarseta fyrir NSA: Norrænar myndir ehf (formaður).

Elín Þórðardóttir hefur yfir 20 ára reynslu sem stjórnandi og er forstjóri Opinna Kerfa Group hf og stjórnarformaður Kerfi AB í Svíþjóð. Áður hefur Elín meðal annars starfað sem fjármálastjóri deCODE Genetics, sem breytingastjóri Eimskips og fjármálastjóri B&L. Elín situr í stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins og í stjórn Nikita.

Elín er með BS gráðu í rekstrarhagfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og Msc frá sama skóla í stjórnun og stefnumótun fyrirtækja.

FULLTRÚAR NSA Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA



Dr. Eggert Claessen

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Gogoyoko ehf (formaður).**

Eggert er framkvæmdastjóri Frumtaks, fjárfestingasjóðs sem fjárfestir í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum sem komin eru af klakstigi og búa yfir miklum möguleikum til vaxtar. Eggert hefur áralanga reynslu af stofnun og rekstri sprota- og frumkvöðlafyrirtækja, sérstaklega á sviði upplýsingatækni. Hann hefur unnið mikið að málefnum upplýsingatækniiðnaðarins og gegnt fjölda trúnaðarstarfa, nú síðast sem formaður Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja. Hann hefur einnig unnið að hagnýtingu þekkingarverðmæta og tekið þátt í alþjóðlegum verkefnum á því sviði. Eggert er stundakennari við Háskólann í Reykjavík.



Sverrir Geirdal

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Stjörnu-Oddi hf (formaður).**

Sverrir er einn af stofnendum ráðgjafarfyrirtækisins Ráðlags og frá 2002 hefur hann verið framkvæmdastjóri þess og meðeigandi. Sverrir sinnir jöfnum höndum verkefnum á sviði stjórnunar og upplýsingatækni. Má þar nefna stjórnarþátttöku, mat á fjárfestingarkostum, stefnumótun, innleiðingum og hönnun nýrra lausna. Sverrir er menntaður kerfisfræðingur frá Danmörku ásamt því að hafa MBA-gráðu frá Viðskiptaháskóla Kaupmannahafnar (CBS). Þar að auki hefur hann lokið fjölda námskeiða á sviði áhættufjárfestinga (Venture Capital). Sverrir var starfsmaður Nýsköpunarsjóðs frá 1998 til 2001.



Erla Björg Guðrúnardóttir

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Valka ehf (formaður).**

Erla er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Árið 2002 var hún ráðin af 3P fjárhús til þess að leiða verkefni sem kanna átti grundvöll þess að setja á laggirnar heilsumiðstöð í tengslum við vottað borholuvatn í Stykkishólmi, verkefninu lauk um mitt ár 2003. Árið 2003 stofnaði Erla Björg fyrirtækið Marz Sjávarafurðir sem sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu á sjávarafurðum. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað undanfarin 6 ár og er í dag með söluskrifstofur á Íslandi og í Danmörku. Markaðssvæði fyrirtækisins teygir sig frá Evrópu, til Asíu og N-Ameríku. Erla Björg hefur talsverða reynslu af setu í stjórnnum íslenskra sprotafyrirtækja.



Árni Þór Árnason

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Oxymap ehf (formaður) og
Kine ehf.**

Stúdent frá Verslunarskóla Íslands 1972, starfaði við heildverslunina Austurbakka hf sem sölustjóri, framkvæmdastjóri og síðar forstjóri. Fyrirtækið fór á hlutabréfamarkað árið 2000 og var selt árið 2005. Mikill áhugi á nýsköpun og tekið þátt í stofnun Omega Farma, Pars Pro, Green Diamond og gegnt stjórnarstörfum þar. Gegnum einkahlutafélag sitt REMEDIU ehf auk þess hluthafi í Ensímtækni, Gogogic og Oxymap þar sem hann er í hlutverki starfandi stjórnarformanns.





Svana Gunnarsdóttir

**Stjórnarseta fyrir NSA:
Nikita.**

Svana er fjárfestingarstjóri Frumtaks. Svana hefur langa reynslu af stofnun og rekstri sprota- og frumkvöðlafyrirtækja, einnig af samruna og yfirtöku. Hún sérhæfði sig í rekstri framleiðslu- og sölufyrirtækja á Evrópumarkaði, og var búsett erlendis í tæp 20 ár. Hefur hún einnig komið að stjórnarsetu og gegnt ýmsum trúnaðarstörfum í öðrum sprotafyrirtækjum. Svana hefur alþjóðlega MBA gráðu frá Nyenrode University í Hollandi, Northwestern University Chicago USA, University of Stellenbosch í Cape Town South Africa og BA gráðu í fjármálafræði frá Webster University Leiden í Hollandi. Hefur hún einnig verið reglulegur gestafyrirlesari í frumkvöðlafræði hjá Nyenrode University í Hollandi.




***HELSTU FJÁRFESTINGARVERKEFNI
NÝSKÖPUNARSJÓÐS ATVINNULÍFSINS***



AGR ehf sérhæfir sig í lausnum til hagræðingar í rekstri aðfangakeðjunnar. Aðallausn fyrirtækisins, AGR Innkaup, er innkaupa- og birgðastýringarkerfi sem stuðlar að: lægri birgðum, nákvæmari söluspám, færri vöntunum og umtalsverðum vinnusparnaði. Kerfið notar þekktar aðferðir birgðastjórnunar auk öflugra spáaðferða til að reikna innkaupatilleggur sem lágmarka birgða- og flutningskostnað.

Megin áhersla á sölustarfsemi í Bretlandi, Danmörku og Hollandi er á AGR Innkaup. Þróun er í gangi á nýrri lausn, AGR Söluáætlun sem verður bæði viðbót við núverandi kerfi sem og kerfi sem selja má eitt og sér. Miklar væntingar eru um útrás félagsins en í dag eru rúmlega 60 fyrirtæki í 19 löndum komin með kerfi AGR.

AGR ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




Helstu hluthafar	%
Frumtak slhf	36,1
Nýherji hf	23,3
Haukur Hannesson	11,6
Nýsköpunarsjóður	10,0
Aðrir	19,0

www.agr.is





Akthelia ehf vinnur að þróun lyfja gegn bakteríusýkingum en lyf þessi verka á annan hátt en hefðbundin sýklalyf og er því um að ræða nýja meðferð gegn sýkingum. Lyfin gætu m.a. reynst gagnleg gegn örverum sem eru ónæmar fyrir algengum fúkkalyfjum. Lyf þessi byggja á niðurstöðum rannsókna við Háskóla Íslands og Karolinska Intsitutet í Stokkhólmi. Á frumuþekjum líkamans eru bakterídrepani peptíð sem mynda fyrstu vörn líkamans gegn sýkingum. Margar bakteríur og örverur geta komist fram hjá þessari vörn með því að slökkva á framleiðslu peptíðanna og þannig valdið alvarlegum sýkingum. Akthelia hefur fundið efnasambönd sem kveikja aftur á framleiðslu peptíðanna en þannig má koma í veg fyrir eða lækna sýkingar vegna baktería og annarra örvera. Fyrirtækið vinnur að því að þróa þessi efnasambönd til notkunar sem sýklalyf. Íslenskir frumkvöðlar fyrirtækisins eru prófessorarnir Guðmundur Hrafn Guðmundsson og Eiríkur Steingrímsson.

Akthelia ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2008.



Helstu hluthafar	%
Eiríkur Steingrímsson	20,0
Guðmundur Hrafn Guðmundsson	20,0
Birgitte Agerberth	20,0
Roger Stromberg	20,0
NSA	15,0
Aðrir	5,0

www.akthelia.com




Alur, álvinnsla er hlutafélag sem rekur endurvinnsluverksmiðju fyrir álgjall í Helguvík á Reykjanesi. Álgjallið verður til við álframleiðslu Norðuráls á Grundartanga og Rio Tinto Alcan í Straumsvík og endurunnið ál er sent til baka í álverin.

Alur stýðst við ALUREC®-tækni sem er þróuð af Linde, Hertwich Engineering og álfframleiðandanum Corus. Mat á umhverfisáhrifum vinnslunnar var samþykkt af Skipulagsstofnun árið 2002 og starfsleyfi var gefið út haustið 2003. Uppsetning búnaðar hófst í Helguvík ágúst 2003, fyrsta framleiðsla var 24. október 2003 en vinnslan tók formlega til starfa 3. desember 2003.

Verksmiðja Als, álvinnslu er staðsett í húsnæði Síldarvinnslunnar hf í Helguvík. Álvinnslan er algerlega aðskilin frá annarri starfsemi sem þar fer fram, en með þessu móti næst fram hagstæð samnýting á innviðum, húsakosti og mannafla. Að vinnslunni koma alls 7 starfsmenn.

Alur álvinnsla ehf var stofnað árið 2003 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




www.alur.is



Andersen & Lauth er íslenskt hönnunarfyrirtæki sem selur vörur sínar í um 20 löndum. Andersen & Lauth var fyrsta íslenska klæðskeraverkstæðið og nú tæpum 100 árum eftir að fyrstu jakkafötin voru sniðin á Vesturgötunni er enn hver flik gerð af ástríðu. Fallett handbragð, rómantik og gæði lýsir hönnun Andersen & Lauth. Útflutningur Andersen & Lauth hófst 2006 og hefur hann vaxið afar hratt. Vörulínum Andersen & Lauth hefur verið afar vel tekið og þær fengið mikla athygli fjölmiðla og innkaupafólks í tizkuheiminum. Á sama tíma hafa verzlunar Andersen & Lauth orðið einn af hornsteinum verzlunar í miðbæ Reykjavíkur líkt og hún var í upphafi síðustu aldar.


Útflutningur Andersen & Lauth hófst 2006 og kom Frumtak að félaginu 2009.




www.andersenlauth.com



NSA 47,0%



NSA 10,1%




Atall ehf var stofnað á árinu 2004 um uppfinningar Guðmundar Ö. Jenssonar á nýrri gerð hakkara eða tætara og þróun á honum. Búnaðinum er ætlað að auðvelda matvælavinnslum að vinna úr frosnu hráefni og sláturhúsum og fiskvinnslum að endurvinna eða farga lífrænum úrgangi. Fyrstu tætararnir hafa verið afhentir kaupendum og ýmsir kostir þeirra umfram aðrar lausnir á markaði hafa sannast:

- Tætarinn tekur minna pláss en búnaður sem hefur svipaða eða minni afkastagetu. Hann notar hlutfallslega mun minni orku en aðrir tætarar en er bæði kraftmikill og afkastamikill.
- Hann hentar fyrir frystar blokkir í matvælaframleiðslu og einnig fyrir flestar gerðir af lífrænum úrgangi.
- Hávaðamengun er mun minni en frá öðrum kvörnum/tæturum sem skiptir miklu máli, t.d. í vinnslusólum og skipum.
- Allt viðhald á tætarum Atals er mun minna og þægilegra en á öðrum búnaði til sömu starfsemi.

Sótt hefur verið um einkaleyfi á nýjum tæknilausnum í tætaranum. Sjóðurinn gerðist hluthafi í félaginu á árinu 2007 og hefur staðið að framhaldsfjármögnun á félaginu.

Atall ehf var stofnað árið 2004 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.



www.atall.is






Auris ehf hefur unnið síðan 2000 að þróun á nýju lyfi til útvortis notkunar á bráðri miðeyrnabólgu. Viðskiptahugmyndin felur í sér notkun vel þekkt bakreríudrepandi efnis sem komið er fyrir í sérhönnuðum eyrna-töppum, sem komið er fyrir í ytra eyra. Meðferðinni er ætlað að koma í stað hefðbundinnar sýklalyfja-meðferðar. Þekkt er að sýklalyfjameðferðin getur haft aukaverkanir og einnig stuðlað að sýklalyfjaofnæmi við endurtekna notkun þeirra. Því er mikil þörf innan heilbrigðiskerfisins á öðru meðferðarúrræði.

Um þessar mundir er unnið að klínískum rannsóknum í fasa II hjá félaginu, þar sem lyfið er prófað á börnum með bráða miðeyrnabólgu. Vonir standa til að þeim ljúki á árinu.

Markmið Auris ehf er að sýna fram á virkni lyfsins og tryggja síðan örugga og árangursríka markaðssetningu lyfsins í samstarfi við alþjóðleg lyfjafyrirtæki.


Auris ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2002.





Betware er íslenskt hugbúnaðarfyrtæki stofnað árið 1998. Hjá fyrirtækinu hefur verið unnið frumkvöðlastarf á sviði hönnunar og þróunar leikjavefja fyrir ríkislóttó. Betware býður ríkislóttóum heildarlaun sem felur í sér þægilegt og ítarlegt umsjónarkerfi sem stuðlar að því að lottóin geti náð til viðskiptavina sinna á árangursríkan hátt með áherslu á Internetið, farsíma og aðra gagnvirka miðla. Helstu leikir Betware eru lottó, skafmiðar, bingó og getraunir á íþróttaviðburði. Helstu viðskiptavinir fyrirtækisins eru Danske Spil (danska ríkislóttóid), British Columbia Lottery Corporation (lottó í Bresku Kólombíu í Kanada), Sistemas Tecnicos de Loterias del Estado (spænska ríkislóttóid), Íslenskar getraunir og Íslensk getsþá. Árið 2009 var gott ár í rekstri Betware. Fyrirtækið fékk staðfestingu á vottun samkvæmt ISO 27001 gæðastaðlinum. Tekjur jukust um 53%, frá 808 milljónum kr. árið 2008 í 1.233 milljónir kr. árið 2009. Hagnaður eftir skatta jókst úr 19 milljónum kr. árið 2008 í 181 milljón kr. árið 2009. Fjöldi starfsfólks jókst úr 78 í lok árs 2008 í 94 starfsmenn í lok árs 2009. Nánast allur vöxturinn var í höfuðstöðvum fyrirtækisins á Íslandi. Hjá Betware starfa nú rúmlega 100 starfsmenn í Reykjavík, Kaupmannahöfn, Varsjá, Madrid og Kamloops í Bresku Kólombíu í Kanada.

Betware ehf var stofnað árið 1998 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2001.



www.betware.com




Dohop.com er vefur sem býður ferðalöngum upp á flugleit sem nær yfir 600 flugfélög um allan heim. Auk þess að vera mjög ítarleg og hraðvirk hefur leitarvél Dohop þá sérstöðu að finna ódýra tengimöguleika með lággjaldaflugfélögum.

Flugleit Dohop hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir ferðalanga og flugfélög. Með Dohop finna ferðalangar á augabráði hvaða flugfélög bjóða hentug flug, sjá verð og hvar unnt er að bóka viðkomandi flug. Flugfélög nota Dohop til að koma upplýsingum á framfæri beint til þeirra sem eru að leita að flugi og laða þá til að bóka beint á vefsíðu flugfélagsins.




Nýlega var bætt við vefinn öflugum hótélbókunarkerfi.

Starfsmannafjöldi Dohop ehf um síðustu áramót var 11 manns.

Dohop.com var stofnað árið 2004 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2008.




www.dohop.com



Fjölbendir ehf var stofnað um þróun á eldsneytiskerfum byggðum á TCT tækninni; „Total Combustion Technology“ eða svokallaðri albrunataekni. TCT-kerfið er uppfinning Kristjáns B. Ómarssonar sem er aðalhönnuður fyrirtækisins. Markmið fyrirtækisins er að hanna og selja kerfi sem eru ódýr í framleiðslu, nýta eldsneyti betur og leiða til minni útblástursmengunar en þekkist með núverandi kerfum. Fyrirtækið einbeitt sér að þróun TCT-eldsneytiskerfa fyrir smávélar og hefur þegar yfir að ráða tveimur alheimseinkaleyfum. TCT er nýstærlegt eldsneytiskerfi sem byggir á einföldum eðlisfræðilögmálum til að blanda saman lofti og eldsneyti. Þetta leiðir til betri bruna, betri eldsneytisnýtingar, meira afls vélar og minni útblásturs CO og HC sem teljast skaðlegustu efnin í útblæstri brunavéla. TCT notar lofthjárás til að sundra eldsneyti á sem bestan máta og MLC-tækni (Mechanical Lambda Control) til að stjórna hlutfalli lofts og eldsneytis.

Fjölbendir ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.




www.tct.is





Gagnavarslan ehf var stofnuð í nóvember 2007 af Brynju Guðmundsdóttur. Fyrirtækið sérhæfir sig í upplýsinga- og skjalastýringu auk varðveislu. Gagnavarslan býður upp á ráðgjöf og hugbúnaðarlausnir á sviði upplýsinga- og skjalastýringar. Þá býður fyrirtækið einnig upp á ráðgjöf í gæðastjórnun, verkefnastjórnun og stefnumótun. Fyrirtækið hefur verið að þróa öflugt upplýsinga- og skjalastýringakerfi sem byggist á opnum og frjálsum hugbúnaði. Þá aðstoðar Gagnavarslan einnig viðskiptavinum sínum sem vilja nota aðrar hugbúnaðarlausnir sem byggjast á opnum og frjálsum hugbúnaði. Gagnavarslan á 4.300 fm vörsluhúsnæði á Ásbrú í Reykjanesbæ. Fyrirtækið tekur að sér að varðveita bæði pappírsskjöl, rafræn gögn, menningarmínjar, listaverk og aðra muni í þessu sérhæfða vörsluhúsnæði. Þá hefur fyrirtækið byggt upp mikla sérfræðisþekkingu í skönnun og varðveislu rafræna gagna. Mikið er lagt upp úr gæðum og öryggi í allri starfsemi Gagnavörslunnar og er verið að vinna að vottun á ISO 9001 og ISO 27001. Þá byggir fyrirtækið á ISO 15489 í allri ráðgjöf í upplýsinga- og skjalastýringu. Auk þess að hafa aðra innlenda og erlenda staðla til hliðsjónar. Styrkleiki fyrirtækisins er öflugur og breiður hópur sérfræðinga; tölvunarfræðinga, verkfræðinga, bókasafns- og upplýsingafræðinga, viðskiptafræðinga, safnafræðingur, sagnafræðingur, nokkrir eru með mastergráðu í verkefnastjórnun o.s.frv. Hjá fyrirtækinu starfa í dag 40 starfsmenn.

Gagnavarslan ehf var stofnuð í nóvember 2007 og kom Nýsköpunarsjóður að henni 2009.




www.gagnavarslan.is




Genís er sprotafyrirtæki sem einbeitir sér að þróun nýrra aðferða til að meðhöndla bólgusjúkdóma og aðra hrönnunarsjúkdóma í stoðkerfi mannsins. Starfsemi fyrirtækisins byggir á þróun sértækra aminósýkra sem framleiddar eru úr skel krabbadýra, svo sem rækju. Efnafræðilegir eiginleikar og líffræðileg virkni sykranna hafa verið kortlögð í rannsóknum þar sem stuðst var við bestu fáanlegu tækni. Í heild benda niðurstöður til þess að hér séu á ferðinni byltingarkennd tækifæri til að meðhöndla sjúkdóma í stoðkerfi mannsins, sem stafa af bólgu eða vefjahrönnun. Sykrurnar virðast örva nýmyndun brjós- og beinvefs með því að virkja sömu ferla og sjá um nýmyndun vefja á fósturstigi og hindra um leið örvefmyndun. Fyrirtækið hefur byggt upp samstarf við innlenda vísindamenn við læknadeild HÍ og hjá Blóðbankanum, sem miðar að því að rannsaka sameindafraðilega og líffræðilega ferla sem liggja að baki virkninni og að þróa nýjar vörur, sem byggja á notkun þessara sértæku aminósýkra, m.a. í nýjum ígræðsluefnum til notkunar við skurð- og tannlækningar. Á árinu 2008 voru settar upp tilraunir í kindum, í samstarfi við Tilraunastöð HÍ í meinafræði að Keldum og í samstarfi við vísindamenn HÍ á sviði bæklunar-, æða- og svæfingalækninga auk vísindamanna hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Þessum verkefnum var haldið áfram á árinu 2009, m.a. með það fyrir augum að styrkja einkaleyfastöðu fyrirtækisins.

Genís ehf var stofnað árið 2005 og var Nýsköpunarsjóður annar stofnenda þess.




Gogogic er rúmlega fjögurra ára gamalt íslenskt sprotafyrirtæki, stofnað árið 2006, sem sérhæfir sig í gerð samfélagsleikja sem má aðlaga fyrir mismunandi miðla og tæki. Leikirnir eru af öllum stærðum en eru sérstaklega ætlaðir til þess að fólk geti nálgast þá og spilað með sem einföldustum hætti – til dæmis í gegn um vafra eða farsíma. Gogogic hefur nú þegar gefið út þrjá tekjuaflandi leiki og sá stærsti keyrir á samfélagsvefnum Facebook en hann ber titilinn Vikings of Thule. Félagið hefur einnig sinnt þróunarvinnu fyrir þriðja aðila og hafa tekjur af þeim stofni vaxið jafnt og þétt undanfarið. Stofnendur Gogogic starfa hjá félaginu og hafa leitt uppbyggingu þess allt frá upphafi. Í dag starfa um 26 manns hjá félaginu og áætlað er að það muni vaxa mjög hratt á komandi misserum. Nýverið hefur Gogogic fengist við að byggja upp markaðsstarfsemi og áætlað að ráðast í stór og spennandi verkefni á komandi sumri. Nú er svo komið að meirihluti tekna félagsins kemur erlendis frá og mun sú þróun halda áfram. Áætlað er að nær allar tekjur félagsins árið 2010 verði til á erlendum mörkuðum eða vegna erlendra verkefna.

Gogogic var stofnað árið 2003 og kom Nýsköpunarsjóður að því 2009.




www.gogogic.is

**gogoyo
yoko**



grapewire




Fyrirtækið Gogoyoko.com er tónlistarbúð og samfélag á Netinu þar sem kaupa má tónlist beint af tónlistarmönnum og hlusta á alla tónlist frítt. Tónlistarfólk sem á réttinn á tónlist sinni sjálf, hleður henni inn í kerfið til sölu, ákveður verðið sjálft og getur þannig hafið sölu og kynningu á tónlistinni á alþjóðavettvangi. Tónlistarfólkið fær 100% af söluhagnaðinum ásamt hluta af auglýsingatekjum Gogoyoko allt eftir því hversu mikla hlustun tónlist þess hlýtur. Útgáfufyrirtækjum er jafnframt gert kleift að selja tónlist sína á Gogoyoko. Á Gogoyoko geta tónlistaraðdáendur hlustað á heil lög og plötur í eigin tónlistarspilara og blandað geði beint við sitt uppáhalds tónlistarfólk, vini og aðra tónlistaraðdáendur í gegnum persónulega prófilsíðu. gogoyoko snýst

um sanngjörn viðskipti í tónlist eða „Fair Play in Music“. Í júlí árið 2009 opnaði Gogoyoko.com á Íslandi og í október síðast liðnum opnaði vefurinn á Norðurlöndunum. Á þessu ári er stefnt að því að opna vefinn fyrir notendum frá bæði Kanada og Bretlandi. Gogoyoko ehf var stofnað í desember árið 2007. Nýsköpunarsjóður er eigandi að Gogoyoko gegnum samlagshlutafélagið Gogo Holding.

Gogoyoko ehf var stofnað árið 2007 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu 2008.

Helstu hluthafar	%
NSA	31,7
Haukur D. Magnússon	13,2
Pétur Jóhann Einarsson	13,2
Aðrir	41,9
	100,0




www.gogoyoko.com



Grapewire ehf er leiðandi í framsetningu og þróun netviðskiptalausna fyrir tónlistarmenn og aðra í skyldri starfsemi. Félagið hefur að leiðarljósi að einfalda framsetningu í dreifingu og sölu í hinum stafræna heimi. Þá vinnur Grapewire að byltingarkenndri nálgun í streymi á tónlist. Sú þjónusta fer í loftið í maí 2010. Starfsvettvangur félagsins er bæði hér heima og erlendis. Grapewire hefur einnig hannað einfalda miðasölu fyrir stærri viðburði og rekur í dag miðasölu fyrir Icelandairwaves og Landsmót hestamanna.

Grapewire var stofnað árið 2006 og kom Nýsköpunarsjóður að því 2009.

Helstu hluthafar	%
NSA	25,0
Íslenskt hugvit ehf	11,5
Einar Örn Benediktsson	11,2
Egill Rúnar Erlendsson	10,9
Francesca von Habsburg-Lothringen	10,0
Aðrir	31,4
	100,0



www.grapewire.com




Hafmynd ehf þróar, framleiðir og selur sjálfstýrð ómönnuð djúpför sem notuð eru til ýmissa verkefna neðansjávar á allt að 1.000 m dýpi. Djúpför Hafmyndar eru sérstök að því leyti að þau eru samsett úr einingum sem hýsa nema, stýrikerfið, staðfestingarbúnað og rafhlöður og því er um mjög hreyfanlegan búnað að ræða. Helstu notkunarsvið djúpfarsins eru gagnaöflun, eftirlit og rannsóknir. Djúpfarið er selt á þrjú markaði. Stærsti markaðurinn er herir en herir nota tækið til sprengjuleitar í sjó, kortagerðar og þjálfunar. Annar markaðurinn er olíuvinnslufyrirtæki en þar er tækið nýtt til eftirlits með olíuvinnslumannvirkjum. Þriðji markaðurinn er háskólar og rannsóknarstofnanir þar sem tækið er nýtt til margs konar umhverfisrannsókna. Markaðir fyrir djúpfar Hafmyndar fara ört vaxandi.




Handpoint hefur frá stofnun árið 1999, sérhæft sig í hugbúnaðarlausnum á handtölvum. Fyrirtækið hefur frá árinu 2004 þróað fullkomið afgreiðslukerfi fyrir handtölvur (e. handheld devices) sem styður nýjan greiðslukortastaðal, svokallaðan EMV staðal, sem hefur veitt fyrirtækinu sérstöðu á alþjóðavísu og skapað verkefni og viðskiptatengsl við stór alþjóðleg fyrirtæki sem og leiðandi velbúnaðarframleiðendur. Handpoint hefur selt um 6.000 eintök af hugbúnaðarlausnum sínum til um 200 viðskiptavina um allan heim, allt frá Danmörku, Frakklandi, Spáni og Bandaríkjunum til Japan og Hong Kong. Fyrirtækið rekur skrifstofur í Cambourne í Bretlandi og í Hlíðasmára í Kópavogi. Meðal notenda handPoint hugbúnaðarlausna má nefna: Adidas, easyJET, British Airways, Finnair, RyanAir og Big Bus Company.

Hafmynd ehf var stofnað árið 1999 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.





www.gavia.is

Handpoint var stofnað árið 1999 og kom Frumtak að því 2009.



www.handpoint.com



Hátæknifyrirtækið Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 með þátttöku Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins. Meginstarfsemin fólst framan af í þróun aðferðar til að mæla vatnsinnihald efna á svipstundu. Félagið fékk einkaleyfi fyrir aðferðinni í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar. Á grunni þessarar aðferðar hefur síðan verið þróað mælitæki sem veitir framleiðslufyrirtækjum rauntímaupplýsingar um vatnsinnihald og sparar því mikinn tíma og eykur nýtingu á hráefni. Helstu markaðir sem félagið hefur sett stefnuna á eru fôður- og kornframleiðsla. Seld hafa verið um 50 tæki til landa í Evrópu og Ameríku.

Verið er að þróa ýmsar hugbúnaðarlausnir með mælitækinu til gæðastjórnunar og framleiðslustjórnunar og mun það auka tekjur félagsins.

Framtíðaráætlanir gera ráð fyrir nánara samstarfi við vélaframleiðendur og aðila með dreifikerfi um allan heim. Markmiðið er að gera félagið aðlaðandi fjárfestingarkost fyrir stór fyrirtæki sem bjóða lausnir fyrir framleiðsluina. Starfsmenn voru 5 um áramót.

Intelscan örbylgjutækni ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




www.intelscan.is

Íshestar ehf, stofnaðir 1982 á bænum Miðdal í Laugardal, hafa ávallt verið leiðandi fyrirtæki í hestatengdri ferðapjónustu hér á landi og hafa á þessum tíma flutt yfir 23.000 gesti til landsins sem farið hafa í vikufæri (eða lengri) á hestum um landið. Árlega fara yfir 20.000 manns í dagsferðir frá hinni glæsilegu Hestamiðstöð félagsins í Hafnarfirði. Auk hinna hefðbundnu hestaferða hafa Íshestar aukið mjög umsvif sín á hinum almenna ferðaskrifstofumarkaði og þá sérstaklega í svonefndum hvataferðum þar sem sjónum er einkum beint til A-Evrópu og þá sérstaklega til Rússlands. Stórt skref var stigið fyrir nokkrum árum þegar opnuð var sérstök vefsíða og nýtt nafn kynnt til sögunnar fyrir þennan markað: Íshestar Travel. Fjölgunin í hinar ýmsu ferðir fyrirtækisins var hæg fyrstu árin en síðastliðin 10 ár hefur orðið mikil aukning samfara markvissu markaðsstarfi og er stefnan sett á að 3000 manns fari á þessu ári í lengri ferðir og yfir 23.000 í þær styttri. Með fjölgun samstarfsaðila og áframhaldandi góðu markaðsstarfi er enn fremur stefnt að tvöföldun farþega á næstu 4 árum. Íshestar reka ábyrga umhverfisstefnu og var eitt af fyrstu fyrirtækjunum á landinu til að hljóta fullnaðarvottun „Green Globe“ - umhverfissamtakanna. Þá hlutu Íshestar Umhverfisverðlaun Ferðamálaráðs Íslands árið 2001.

Heildarstarfsmannafjöldi Íshesta og Hestamiðstöðvar Íshesta var 14 manns um síðustu áramót og á sumrin bætast u.þ.b. 40 starfsmenn við. Einnig er rétt að geta þess að á vegum fyrirtækisins starfa 10 verktakar vítt og breytt um landið og á vegum þeirra starfa 70 – 80 manns.


Íshestar ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



www.ishestar.is

KERÆCIS


NSA 35,0%



KINE

Pioneer in Biomedical Engineering

NSA 37,1%



Kerecis ehf var stofnað árið 2007 og stendur að félaginu hópur sérfræðinga með mikla reynslu af lækningarvöruiðnaði og þróun lækningavara. Í lok ársins 2009 undirrituðu stofnendur félagsins og Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) samning um kaup þess síðarnefnda á 35% hlut í félaginu.

Fyrirtækið vinnur að rannsóknum, vörubrúna og framleiðslu á lækningavörum unnum úr fiskipróteinum. Fyrsta vara Kerecis ehf er s.k. stöðefni ætlað til meðhöndlunar á þrálátum sárum, en slík sár fá um 0,8% allra t.d. í kjölfar sykursýki eða æðahrörnunarjúkdóma á síðustu árum ævinnar. Þrálát sár, sem ekki tekst að græða eru algengasta ástæða þess að fólk missir útlími og þarf að fá gervilími. Stöðefni eru í dag yfirleitt unnin úr spendýrapróteinum en framleiðsla Kerecis ehf byggir á fiskipróteinum sem fyrirtækið telur hafa ákveðna yfirburði, bæði markaðslega og hvað virkni áhrærir.

Fyrirtækið starfar í náinni samvinnu við heilbrigðisstéttir og vinnur nú að prófunum og skráningu á fyrstu vörum sínum. Fyrirtækið nýtur góðs af samstarfi við Tækniþróunarsjóð, Matis ohf. og Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða.

Starfsstöðvar félagsins eru á Ísafirði og í Reykjavík. Hráefni í framleiðslu Kerecis ehf kemur af eldisþorski frá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru í Súðavík. Það er meðhöndlað á rannsóknarstofu Kerecis ehf á Ísafirði, skv. aðferðum sem fyrirtækið hefur sótt um einkaleyfavernd fyrir. Að lokum fer stöðefnið, sem úr þessu ferli fæst, í prófunarferli í samvinnu við heilbrigðisstarfsmenn á Íslandi og erlendis.

Kerecis ehf var stofnað árið 2007 og kom Nýsköpunarsjóður að því 2009.

Helstu hluthafar

	%
NSA	35,0
FnF ehf	48,8
Aðrir	16,2
	100,0

2007 2008 2009

www.kerecis.com

Kine er leiðandi fyrirtæki á sviði þráðlausa vöðvarafrits mælinga (EMG) og video hreyfigreiningar. Sýn fyrirtækisins er að vera leiðandi á markaði og tryggja góðan ávinning fyrir viðskiptavinum sína. Jafnframt hefur fyrirtækið einsett sér að vera áreiðanlegt, vandvirkt, og nákvæmt í vinnubrögðum á mælanlegan hátt.

Starfsmenn félagsins eru stoltir af vöruframboði félagsins og hafa það að markmiði að vera sveigjanleg í daglegum samskiptum við viðskiptavinina sem stefnt er að byggja upp langtíma samstarf með.

Kine hefur í yfir áratug þróað og boðið lausnir fyrir viðskiptavinum sína. Megin áherslan í dag er að þjónusta sérfræðinga sem eru að vinna með endurhæfingu og meðhöndlun á íþróttafólki. Rannsóknar- og vísindamarkaðinum er enn sinnt af hálfu fyrirtækisins en megin áherslan er á klíniskan markað og þá sérstaklega íþróttageirann.

Kine ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2000.

Helstu hluthafar


	%
NSA	37,1
Vogun hf	35,0
Þórður Helgason	6,2
Baldur Þorgilsson	4,9
Aðrir	16,8
	100,0

1996 1998 2000 2003 2006 2009


www.kine.is



NSA 1,9%




NSA 6,8%



Fyrirtækið Latibær var stofnað árið 1995 af Magnúsi Scheving og Ragnheiði Pétursdóttur Melsted en markmið fyrirtækisins er að stuðla með ýmsum hætti að heilbrigðari lífsstíl barna og ungmenna. Boðskapur Latabæjar hvetur til jákvæðrar hugsunar, hollustu í mataræði, hreyfingar og uppbyggilegra samskipta barna og fullorðinna. Meginstarfsemi fyrirtækisins felst nú í sölu á afnotarétti af vörumerkinu LazyTown. Félagið hefur verið að færast úr framleiðslufyrirtæki á þáttum yfir í sölufyrirtæki á afnotarétti. Mikil tækifæri framundan. Hjá fyrirtækinu vinna í dag 45 manns.

Latibær ehf var stofnað árið 1996 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.



www.lazytown.com




Þróun verk- og gæðafarla í fasteignastjórnun (e. Facilities Management), þróun og sala/hýsing og leiga á sérhæfðum hugbúnaði sem styður og virkjar verk- og gæðafarli í fasteignastjórnun auk ráðgjafar á sviði fasteignastjórnunar. Þróun hefur verið umfangsmikil, einkum þar sem unnið er að því að yfirfæra hugbúnað félagsins yfir í nýtt forritunarumhverfi um leið og notendaviðmót er endurskilgreint.


Þrátt fyrir erfitt ytra umhverfi hefur félagið fengið nýja viðskiptavinum og stefnir í að svo verði áfram. Einnig hefur mikil vinna verið lögð í markaðssetningu á Englandi þar sem við erum að vinna tilraunaverkefni fyrir stórt fyrirtæki. Samhliða því er unnið að eflingu á innra starfi. Þá stóð rekstur ICEconsult DK, dótturfyrirtækis ICEconsult í Danmörku undir sér á síðasta ári. Engum starfsmanni hefur verið sagt upp störfum, erum reyndar nýbúin að ráða einn nýjan.

Helstu væntingar um framtíðina eru eftirfarandi: Nýtt forritunarumhverfi og nýtt viðmót auk eflingar á innra starfi félagsins og markaðsstarfi munu skila nýjum viðskiptavinum í hús auk þess sem samstarf við marga núverandi viðskiptavinum eykst. ICEconsult DK skilar hagnaði. Markaðssetning í Bretlandi skilar tekjum til félagsins. Væntingar stjórnenda félagsins eru að arðsemi félagsins aukist verulega á næstu árum.


LH-Tækni ehf var stofnað árið 1990 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



www.iceconsult.is




NSA 43,7%



MARORKA


NSA 18,5%



Lifeind ehf er rannsóknar- og þróunarfyrirtæki í líf- og erfðatekni. Það hefur skapað sér sérstöðu innan líftæknigeirans með nýrri tegund tvívíðs rafráttar til greiningar á flóknum kjarnsýrusýnum. Markmið fyrirtækisins er að þróa og markaðssetja þessar einkaleyfavörðu aðferðir, samhlíða tækjabúnaði til slíkra greininga. Lifeind hefur nú yfir að ráða rannsóknaraðferðum sem allar beinast að því að einfalda vinnu með flókin kjarnsýrusýni og/eða meta gæði þeirra. Lifeind ehf hefur afnot af aðstöðu og tækjum innan Lífefna- og sameindalíffræðistofu læknadeildar Háskóla Íslands. Þetta skapar fyrirtækinu kjörskilyrði til þekkingarsköpunar og frekari þróunar afurða. Síðastliðið ár hafa starfsmenn Lifeindar þróað frumgerð örgelarafráttarbúnaðar til að bjóða væntanlegum viðskiptavinum upp á einfalda og fljótvirka leið til að framkvæma tvívíðar rafráttargreiningar á kjarnsýrum.

Árið 2008 var stofnað systurfyrirtæki Lifeindar í Skotlandi, BioCule (Scotland) Limited. Það hlaut styrk frá skoskum styrkjafirvöldum (SMART) til að undirbúa fjöldaframleiðslu á tækjabúnaði, til öflunar viðskiptasambanda og undirbúnings fyrir markaðssetningu. Grunnprófanir á tækjabúnaði og frekari þróun greiningaraðferða eru framkvæmdar af Lifeind á Íslandi.

Lifeind ehf var stofnað árið 2001 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.



Helstu hluthafar

	%
NSA	43,7
Tæknipróun hf	6,3
Jón Jóhannes Jónsson	31,5
Háskóli Íslands	5,0
Landsþítali Háskólasjúkrahús	2,5
Aðrir	11,0
	100,0

www.biocule.com




Marorka er hátæknifyrirtæki sem þróa og selur lausnir til að hámarka orkunýtingu skipa. Markmiðið er að aðstoða viðskiptavini við að draga úr rekstrarkostnaði, bæta nýtingu verðmætra orkuauðlinda og draga úr mengun. Í þessum tilgangi hefur fyrirtækið þróað einstakt tölvukerfi sem fylgist með orkunotkun um borð, flotastjórnunarkerfi sem gerir stjórnendum í landi kleift að fylgjast með fammistöðu alls flotans og heildaraðferðarfræði við orkustjórnun skipa.

Helstu markaðir Marorku hafa verið skipaútgærdir á Norðurlöndunum, í Norður-Evrópu, Grikklandi og Suðaustur-Asíu en undanfarið hefur áhersla verið lögð á landvinninga í Bandaríkjunum m.a. með stofnun dótturfyrirtækis í Bandaríkjunum.

Í dag starfa um 30 manns hjá Marorku en nú er sérstaklega verið að vinna að styrkingu innviða fyrirtækisins fyrir vaxtarfasann framundan sem tilkominn er vegna aukinnar spurnar eftir þjónustu fyrirtækisins.

Marorka er ISO 9001 gæðavottað fyrirtæki. Það hefur hlotið fjölda verðlauna og á árinu 2008 féllu Umhverfisverðlaun Norðulandaráðs í hlut Marorku.

Marorka ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2006.





Helstu hluthafar

	%
Jón Ágúst Þorsteinsson	31,5
Þóroddur Magnússon	18,7
NSA	18,5
VSÓ Ráðgjöf	12,1
Aðrir	19,2
	100,0

www.marorka.is

MEN&MICE




Menn og mús ehf var stofnað árið 1990. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun og sölu hugbúnaðarlausna fyrir stjórnun á DNS (Domain Name System), DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) og IP tölum (IP address). Lausnin styður bæði Microsoft og Linux-netumhverfi og er seld undir vörumerkinu Men & Mice Suite. Lausnin myndar heildstæða, öflugla lausn við stjórnun og eftirlit á IP- og DNS-umhverfi stærri netkerfa. Einnig bjóða Menn og mús DNS-þjálfun og sérfræðiráðgjöf um allan heim.

Helsti markaður fyrir lausnir Manna og Músa eru stærri IP-netumhverfi og því eru viðskiptavinir Manna og Músa alþjóðleg stórfyrirtæki og stofnanir. Einnig eru í boði lausnir fyrir minni netkerfi sem seldar eru í gegnum vef fyrirtækisins.

IPAM-lausnir gegna lykilllutverki í að tryggja uppítíma, öryggi og skilvirka stjórnun stórra netumhverfa. Menn og mús eru með starfsemi í Norður-Ameríku og Evrópu auk Íslands. Einnig hefur félagið byggt upp net endursöluaðila og nú bjóða um 20 aðilar vörur og þjónustu Manna og músa. Markmið Manna og músa er að verða leiðandi á sviði IPAM-lausna.

Menn og mús ehf var stofnað árið 1990 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2001.




www.menandmice.com




Mentis Cura ehf var stofnað árið 2004 og hefur verið að þróa aðferðir til að greina heilabilanir með heilaritum og nútíma myndgreiningar tækni. Félagið hlaut Nýsköpunarverðlaunin 2009. Starfsemi Mentis Cura er í grófum dráttum tvíþætt, annars vegar stundar félagið viðamiklar klínískar rannsóknir og hins vegar eru þróuð reiknirit sem greina gögnin sem fást úr klínísku rannsóknunum. Starfsmenn Mentis Cura eru niu talsins um þessar mundir. Í fyrstu einbeitti Mentis Cura sér að því að þróa aðferðir til þess að greina heilabilanir hjá öldruðum. Sérstök áhersla var lögð á greiningu Alzheimers sjúkdómsins ásamt öðrum heilabilana sjúkdómum sem leiða til svipaðra einkenna. Mikil vöntun hefur verið á magnbundnum leiðum til þess að styðja við greiningu þessara sjúkdóma. Þeirri frumþróun er nú að mestu lokið og Mentis Cura er farið að bjóða þá þjónustu að greina heilarit fyrir heilbrigðisstofnanir. Þessi starfsemi hefur verið starfrækt í um annað ár við stofnanir, sérstaklega í Noregi. Lítið er á þessa starfsemi sem markaðsrannsókn þar sem leitast er við að mæta eiginlegum þörfum heilbrigðisgeirans. Það er ekki markmið Mentis Cura að standa að fullri markaðsvæðingu vörunnar, heldur hefur verið ákveðið að fara þá leið að leita eftir samstarfi félaga sem eru í markaðsráðandi stöðu á sviði heilarita í heiminum. Til þess að mæta þessum þörfum hefur Mentis Cura gert samning um þessi atriði við Care Fusion, bandarískt félag sem er ráðandi á þessu sviði.

Mentis Cura ehf var stofnað árið 2004 og kom Nýsköpunarsjóður að því á árinu 2009.



www.mentiscura.is




Mentor er þekkingarfyrirtæki sem hefur það hlutverk að leggja skólasamfélaginu til lausnir, þekkingu og þjónustu til aukins árangurs. Helstu lausnir fyrirtækisins er Mentorkerfið sem auðveldar upplýsingaflæði og styður við faglegt starf í skólasamfélaginu. Mentor býður einnig upp á ráðgjöf og fræðslu til eflingar innra starfs skóla.

Sumarið 2007 yfirtók Mentor með þátttöku Nýsköpunarsjóðs sænska fyrirtækið P.O.D.B. Í Svíþjóð starfar fyrirtækið nú undir nafninu InfoMentor P.O.D.B. Áætluð velta sameinaðs fyrirtækis árið 2009 er 300 millj. ISK. Mentor þjónustar í dag 580 leik- og grunnskóla á Íslandi, um 600 grunnskóla í Svíþjóð og þróunarskóla í Sviss og Þýskalandi.


Tækifæri Mentors á erlendum markaði byggir að miklum hluta á sterkri stöðu íslenska skólakerfisins. Íslenskir skólar eru mjög framarlega í tölvunotkun auk þess sem netnotkun foreldra er með því mesta sem þekktist í heiminum. Afrakstur þróunar fyrir íslenska skóla auk þekkingar sem kemur með erlendu samstarfi skilar Mentor meðal fremstu lausna í Evrópu er kemur að lærdóms- og upplýsingakerfum fyrir skóla.

Framtíðarsýn Mentors er að vera eitt virtasta fyrirtæki í Evrópu á sviði upplýsinga- og námskerfa fyrir skóla með áherslu á einstaklingsmiðað nám.

Mentor ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.




www.mentor.is



Nikita ehf á rætur að rekja til brettaverslunarinnar Týnda hlekkisins, sem starfrækt var í Reykjavík á árunum 1994 til 1999. Heiða, Aðalheiður Birgisdóttir, hóf þar að selja eigin hönnun, götutískufatnað sem innblásinn var af brettalífsstílnum. Í fyrstu saumaði Heiða í stykkjatali fyrir sig og nokkra vini en árið 1997 var hafin framleiðsla á lítilli saumastofu á Húsavík. Viðtökur voru mjög góðar og árið 1999 seldust um eitt þúsund flíkur í lítilli vörulínu Nikita í Reykjavík. Árið 2000 stofnuðu eigendur Týnda hlekkisins sérstakt fyrirtæki í kringum vörumerkið Nikita. Markmiðið var að færa sig frá því að flytja inn mörg vörumerki til Íslands og selja í einni verslun yfir í að markaðssetja hönnun Heiðu alþjóðlega og selja í mörgum verslunum. Sett var saman viðskiptaáætlun sem staðist hefur í öllum meginatriðum frá upphafi til dagsins í dag.


Félagið hefur náð frábærum árangri og árlegar tekjur eru komnar vel á annan milljarð króna. Vörur félagsins, vörumerkið NIKITA og slagorðið „For girls who ride“ eru vel þekkt alþjóðlega meðal markhóps félagsins. Nikita hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir vel heppnaða hönnun og markaðssetningu.

Nikita ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu sama ár.




www.nikitaclotthing.com

NORDICPHOTOS ▷ NORR




NordicPhotos ehf sérhæfir sig í sölu ljósmynda í gegnum internetið um allan heim eftir ljósmyndara á Norðurlöndunum ásamt því að selja ljósmyndir úr þekktum erlendum myndaböndum á Norðurlöndum. NordicPhotos er með samninga við yfir 500 ljósmyndara frá öllum Norðurlöndunum ásamt umboðum fyrir um 100 erlend myndasöfn og hefur skapað sér sess sem eitt stærsta myndasafn á Norðurlöndunum. Á árunum 2003-2006 keypti NordicPhotos fjóra sænska ljósmyndabanka, IMS Bildbyrå, Mira Bildarkiv, Tiofoto og Greatshots. Árið 2007 keypti félagið norska fyrirtækið Gv-press. Starfsemi fyrirtækjanna hefur verið sameinuð rekstri NordicPhotos og er nú unnið að því að setja myndasöfn fyrirtækjanna á stafrænt form og auka alþjóðlega dreifingu þeirra. 140.000 þúsund ljósmyndir frá ljósmyndurum NordicPhotos hafa verið settar á stafrænt form og er þeim nú dreift í gegnum alþjóðlegt sölunet sem í eru 100 erlend umboðsfyrirtæki og nær til 85 landa. Síðan fyrirtækið var stofnað í lok árs 2000 hefur veltan aukist jafnt og þétt. Veltan árið 2001 var 5 milljónir ISK en áætluð velta fyrir árið 2010 er yfir 200 milljónir ISK. Hjá NordicPhotos starfa nú 15 starfsmenn á skrifstofum þess í Stokkhólmi, Osló og Reykjavík.

NordicPhotos ehf var stofnað árið 2000 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2002.




www.nordicphotos.com

Oxymap






Oxymap ehf hefur þróað tækni til mælinga á súrefnismettun í sjónhimnu augans. Sjónhimnan nemur ljós og sendir upplýsingar um það til heila. Brenglun á súrefnisbúskap í sjónhimnu er talin koma við sögu í mörgum algengum og alvarlegum augnsjúkdómum, til dæmis sjónhinnusjúkdómi í sykursýki, æðalokunum í sjónhimnu og gláku. Með tækni Oxymap er unnt að greina súrefnismettun í sjónhimnu með myndatöku, sem er jafn einföld í framkvæmd og hefðbundin myndataka af augnbotnum. Vonast er til að tækni geti í nánustu framtíð aukið skilning á augnsjúkdómum, bætt greiningu og eftirlit með meðferð. Fyrirtækið starfar í alþjóðlegu umhverfi með Íslendinga, Bandaríkjamenn og Frakka á meðal starfsmanna sem eru 4 verkfræðingar og 1 tölvunarfræðingur í fullu starfi auk þess sem ráðgjafa- og stjórnunarstörf eru unnin í hlutastarfi. Fjórða kynslóð tækisins er að fara á alþjóðamarkað og hefur verður kynnt á alþjóðlegri rannsóknarsýningu í Florida og er sölustarf komið á skrið. Landspítalinn í Reykjavík er sem stendur leiðandi í rannsóknum á þessu sviði en von er á fjölda erlendra samstarfsaðila. NSA á 80% í samstarfsfyrirtækinu Framtíðartækni sem á 35% í Oxymap.

Oxymap ehf var stofnað árið 2002 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2008.




www.oxymap.com



Primex ehf er fyrirtæki í sjávarlíftækni sem hefur sérhæft sig í framleiðslu á einstaklega tæru kítíni og kítósani. Félagið markaðssetur og selur vísindalega áreiðanleg og nýstárleg efni til nota til margvíslegra nota. Afurðirnar eru m.a. markaðssettar undir vörumerkjunum: LipoSan Ultra® sem fitubindi- og kólesteróllækkandi efni. ChitoClear® vörulínan er mjög fjölbreytt og er m.a. notuð sem hráefni í matvæla- og snyrtivörur og sem aðalefni í plástra og sárabindi. Þá hefur Primex á undanförunum árum þróað ChitoClear sáragei og -spray fyrir dýr. Efnið er sérstaklega græðandi á öll sár, þar með talin brunasár, bráða- og krónísk sár. Einnig hefur efnið reynst mjög vel við hjóskum á hrossum. Stærstu markaðir eru í Evrópu og Bandaríkjunum. Verksmiðja og skrifstofur fyrirtækisins eru á Siglufirði, þar sem starfa um 10 manns. Hráefnið er eingöngu skel af ferskri kaldsjávarrækju (*Pandalus borealis*) sem unnin er á Norðurlandi. Primex hefur innleitt HACCP gæðakerfi og nýlega hlaut Primex ISO 22000:2005 vottun. Framleiðslan hefur einnig fengið vottun frá vottunarstofunni Tún um að varan sé vottuð náttúruafurð. Auk þess að tryggja rekjanleika og gæði styrkja vottanir mjög markaðsstarf þar sem meiri kröfur kaupenda á gæði og tærar náttúruafurðir aukast stöðugt.

Primex ehf var stofnað árið 1997 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1998.



www.primex.is




Sjávarleður hf hóf starfsemi árið 1995 við þróun og sölu á leðri unnu úr steinbítis- og laxaróði. Seinna var steinbít skipt út fyrir hlýra og þá var leðri af Nilarkarfa bætt við. Nýlega bættist þorskleður við vörulínu félagsins. Eftir um 10 ára vöruþróun og markaðssetningu fór erfiðið að skila sér í aukinni sölu og hagnaði af rekstri. Fiskleður hefur mikla sérstöðu á markaði vegna áferðar og lögunar. Leðrið, sem er sterkara en annað jafnþykkt leður, er notað eins og annað leður, t.d. í hönnun og handverk og mikið í skó, belti, töskur, o.fl. Einnig með öðru leðri t.d. í leðurfatnaði og húsgögnum.



Sjávarleður hf er leiðandi í þróun og sölu þessa leðurs og býður leðrið í fjölda lita og litasamsetninga og áferð er margvísleg; slétt eða gróf, mjúk eða hörð, glansandi eða mött. Árlega kynnir félagið afurðir sínar og nýjungar á fjölda leðursýninga í Evrópu og Asíu, með auglýsingum í fagtimaritum og með heimsóknum til viðskiptavina.

Viðskiptavinir félagsins eru bæði stórir og smáir og flestir starfa á alþjóðlegum vettvangi. Sjávarleður á tvö dótturfélög, Sauðskinn og Loðskinn, og eru þau í 100% eigu fyrirtækisins.

Sjávarleður hf var stofnað árið 1995 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.




www.atlanticleather.is



Stiki ehf var stofnaður árið 1992 og dótturfélag Stiki Ltd var stofnað í Bretlandi 2006. Fyrirtækið sérhæfir sig í þróun hugbúnaðarlausna fyrir heilbrigðisþjónustu og fyrirtæki eða stofnanir sem meðhöndla viðkvæmar upplýsingar. Stiki veitir einnig ráðgjöf í gæðastjórnkerfum og upplýsingaöryggi, auk þess að veita sértæka ráðgjöf í upplýsingatækni fyrir fyrirtæki og stofnanir. Stiki hefur þróað lausnir fyrir heilbrigðisráðuneytið, svokölluð interRAI-kerfi sem eru matskerfi í heilbrigðisþjónustu og beitt til að hámarka gæði og árangur í þjónustu sem veitt er. Bundið er í reglugerð að nota interRAI aðferðafræði við heilsufarsmat aldraðra hjá íslenskum heilbrigðisstofnunum. Stiki rekur sérstakt heilbrigðisnet matskerfa og hýsir gögn úr matskerfunum á netþjónum sínum. Stiki hefur jafnframt þróað hugbúnaðarlausnina RM Studio til mats á áhættu í rekstri. Þessi hugbúnaður er helsta útflutningsvara fyrirtækisins, en útflutningur hófst í árslok 2008. Útflutningstekjur voru 5% af heildartekjum fyrirtækisins árið 2009. Starfsemi Stika er bæði öryggis- og gæðavottuð samkvæmt öryggistaðlinum ISO/IEC 27001 og gæðastaðlinum ISO 9001. Fyrirtækið er einnig gullvottaður Microsoft samstarfsaðili. Stiki er með viðskiptavinum víða um heim og notar Internetið bæði sem sölu- og dreifileið.

Stiki ehf var stofnað árið 1992 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 2007.



www.stiki.is





Stjörnu-Oddi hf var stofnað 1985 og er orðið eitt fremsta fyrirtæki í heimi á sviði rafeindamerkjanna sem notað eru til rannsókna á sjávardýrum, aðallega fiskum. Mælitækin eru smáir sírtar sem safna saman gögnum um ýmsa umhverfisþætti, s.s. dýpi, hitastig og seltu, auk þess að geta sýnt stefnu, halla, og tekið á móti staðsetningu. Gögnin er hægt að skoða í PC-tölvu í gröfum og töflum, þar sem hver mæling hefur sína dagsetningu og klukkku. Rafeindamælikerfið (Data Storage Tag) kom á markað 1993 og var þróað í samvinnu við rannsóknaraðila á Íslandi. Merkin eru ýmist fest utan á fisk eða grædd í kviðarholið. Merkin skila sér svo seinna í veiðinni og við endurheimtur á merkjum fást upplýsingar um far, dreifingu og hegðun fiskisins. Markmið rannsóknaraðila með notkun fiskmerkjanna til að afla upplýsinga um hegðun fiska, er að hafa upplýsingagrunninn það góðan að hægt sé að bæta veiðiráðgjöfina, til sjálfbærrar nýtingar á fiskauðlindum. Stjörnu-Oddi er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, hönnun, framleiðslu og sölu á rafeindamælum, sem eru notaðir í margvíslegum tilgangi. Þeir henta sérstaklega vel í erfiðum aðstæðum þar sem smæð og áreiðanleiki málanna skiptir máli. Verið er að útvíkka markaðslega skírskotun félagsins með því að sækja inn á nýja markaði með tilbúnað vörur. Þetta er gert í kjölfar viðamikillar stefnumótunar. Sömuleiðis er verið að treysta innviði félagsins til að geta vaxið á næstu misserum.

Stjörnu-Oddi hf var stofnað árið 1985 og kom Nýsköpunarsjóður að félaginu árið 1999.



www.star-oddi.com




TrackWell hefur frá stofnun árið 1996 sérhæft sig í hugbúnaðargerð með sérstakri áherslu á lausnir tengdum fjarskiptum og staðsetningatækni. TrackWell hefur þróað þjónustu fyrir fyrirtæki sem kallast TrackWell Forðastýring (Mobile Resource Management)

TrackWell Forðastýring gerir stjórnendum kleift að ná fram verulegri hagræðingu í rekstri með fullkominni yfirsýn yfir starfsmenn, bifreiðar, skip og önnur tæki. TrackWell Forðastýring innifelur verkferla til þess að stýra og hafa eftirlit með notkun forða, með það að markmiði að hámarka nýtingu hans og tryggja rétt þjónustustig með sem lægstum tilkostnaði. Fjárfestingarkostnaður vegna TrackWell Forðastýringar er lágmarkaður með því að miða kerfisleigusamning einungis við virkar kerfiseiningar og fjölda starfsmanna eða tækja. Rekstrarkostnaður er þekktur þar sem ábyrgð, hýsing, þjónusta, rekstur og framþróun kerfa er innifalin í mánaðargjaldi. Með þann ávinning sem nær 300 íslenskir viðskiptavinir hafa náð með TrackWell Forðastýringu hefur TrackWell tekið fyrstu skref í að bjóða erlendum fyrirtækjum að ná fram hagræðingu og aukinni framleiðni með íslensku hugviti. TrackWell Forðastýring samanstendur af þrem vörulínum TrackWell Tímon fyrir starfsmenn, Trackwell Flota fyrir farartæki og TrackWell SeaData fyrir fiskveiðiskip.


Valka ehf er stofnað 2003 af Helga Hjálmarssyni, verkfræðingi. Fyrirtækið sérhæfir sig í sjálfvirkum lausnum fyrir matvælaframleiðslu með áherslu á gæði, nýtingu og herra afurðarverð fyrir matvælaframleiðendur. Fyrirtækið hefur þróað búnað til þökkunar og vinnslu og hefur nýlega kynnt nýja afurð svokallaða RapidAligner flokkunarvél sem sér um að pakka og flokka fiskflök á sjálfvirkan hátt eftir vigt í kælibox eða kassa. Búnaðurinn var kynntur á sjávarútvegs-sýningunni í Brussel þar sem hann vakti mikla athygli. Auk tækja og tæknilausna framleiðir fyrirtækið einnig hugbúnaðarlausnir. Umsvif fyrirtækisins hafa verið vaxandi jafnt og þétt frá stofnun þess. Árið 2008 var þó fyrirtækinu erfitt enda olli bankahrunið og fjármálakreppan því að mjög lítið var fjárfest í sjávarútveginum hér á Íslandi sem var lykilmarkaður Völku á þeim tíma. Með því að leggja megin áherslu á erlenda markaði í kjölfar hrunsins náði Valka góðum vaxtakipp á árinu 2009 og lítur út fyrir að sá vöxtur haldi áfram.

TrackWell var stofnað árið 1996 og kom Frumtak að því 2009.



www.trackwell.is

Valka ehf var stofnað árið 2003 og kom Nýsköpunarsjóður að því 2008.



www.valka.is



ÁRSREIKNINGUR



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins

Við höfum í umboði Ríkisendurskoðunar endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, efnahag hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009 í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 16. mars 2010

Deloitte hf.

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Áritun stjórnar

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins (NSA) fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins námu 243,9 millj.kr. samanborið við 6,5 millj.kr. árið áður. Rekstrargjöld ársins námu 120,5 millj.kr. og hagnaður fyrir fjárfestingarverkefni 119,4 millj.kr. Að teknu tilliti til fjárfestingaverkefna og framlags í afskriftarreikning nam hagnaður ársins 13,1 millj.kr. Handbært fé frá rekstri á árinu nam 251,7 millj.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins samtals 4.301,7 millj.kr. í árslok 2009. Bókfært eigið fé á sama tíma nam samtals 4.167,7 millj.kr. og er eiginfjárhlutfall sjóðsins því 96,9%. Í árslok var handbært fé NSA 1.526,6 millj.kr. á móti 1.900,7 millj.kr. í ársbyrjun.

Heildarfjárfestingar NSA á árinu námu 1.042 millj.kr. Fjárfest var í 7 nýjum sprotafyrirtækjum fyrir samtals 370 millj.kr. og í 10 fyrirtækjum sem NSA átti í áður fyrir samtals 349 millj.kr. Þá fjárfesti NSA í þremur samlagsjóðum; Frumtaki slhf, Auði I og Brú II fyrir samtals 323 millj.kr. Þessir sjóðir fjárfestu í 5 nýjum sprotafyrirtækjum á árinu.

Í ársbyrjun störfuðu 5 starfsmenn hjá sjóðnum og í árslok voru þeir 6.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra NSA að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri NSA staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2010

Í stjórn

Jón Steindór Valdimarsson
stjórnarformaður

Arnar Sigurmundsson

Sigrún Valdimarsdóttir

Grétar Þorsteinsson

Guðný Hrund Karlsdóttir

Framkvæmdastjóri

Finnbogi Jónsson

REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrartekjur og fjármagnsgjöld			
Vörslutekjur	3	242.234.001	(1.449.845)
Póknunartekjur	3	1.682.200	3.611.064
Aðrar tekjur		0	4.375.000
Fjármagnsgjöld		(4.026.116)	(6.323.663)
		<u>239.890.085</u>	<u>212.556</u>
Rekstrargjöld			
Aðkeyptur kostnaður við fjárfestingaverkefni		11.899.945	14.348.034
Laun og launatengd gjöld	4	71.369.457	61.651.795
Annar almennur rekstrarkostnaður		36.221.805	40.570.191
Afskriftir	5	1.041.500	1.237.084
		<u>120.532.707</u>	<u>117.807.104</u>
Hagnaður (tap) fyrir fjárfestingaverkefni		119.357.378	(117.594.548)
Fjárfestingaverkefni			
Söluhagnaður vegna fjárfestinga í eignarhlutum		1.500.000	0
Aðrar tekjur(gjöld) vegna fjárfestinga í eignarhlutum		1.152.454	1.262.931
Tekjur vegna fjárfestinga í skuldabréfum		146.162.735	226.648.163
Breytingar á eignum Framtakssjóða		0	(1.387.027)
Framlag í afskriftareikning	9	(246.764.893)	(341.743.007)
Veittir styrkir		(8.323.334)	(4.280.000)
		<u>(106.273.038)</u>	<u>(119.498.940)</u>
Hagnaður (tap) ársins		13.084.340	(237.093.488)

EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2009	2008
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	4.000.421	5.191.921
Eignarhlutar	6	2.628.403.737	2.030.089.054
Útlán	7	538.491.657	669.231.507
Samlagssjóðir	8	471.722.005	148.542.530
Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna	9	(944.165.148)	(710.984.522)
	Fastafjármunir	2.698.452.672	2.142.070.490
Veltufjármunir			
Aðrar skammtímakröfur	10	71.537.604	20.935.828
Kröfur á tengda sjóði	13	5.056.649	8.309.836
Handbært fé	11	1.526.635.006	1.900.655.165
	Veltufjármunir	1.603.229.259	1.929.900.828
Eignir alls		4.301.681.931	4.071.971.318

31. DESEMBER 2009

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2009	2008
Eigið fé	12		
Stofnfé		4.821.767.472	4.821.767.472
Annað eigið fé		(654.095.330)	(990.359.145)
Eigið fé		4.167.672.142	3.831.408.327
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalán	14	25.120.674	26.572.317
		25.120.674	26.572.317
Skammtímaskuldir			
Skuldir vegna verkefna	16	83.850.001	200.989.965
Næsta árs afborganir langtímalána	14	3.588.667	3.378.240
Aðrar skammtímaskuldir	15	20.907.948	7.397.770
Fyrirfram innheimtar tekjur		542.499	2.224.699
		108.889.115	213.990.674
Skuldir		134.009.789	240.562.991
Eigið fé og skuldir		4.301.681.931	4.071.971.318

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2009

	Skýr.	2009	2008
Rekstrarhreyfingar			
Innborgaðar vörslutekjur og þóknanir		240.082.575	2.161.219
Innborgaðar aðrar tekjur		2.151.425	1.219.510
Greidd fjármagnsgjöld		(1.686.413)	(1.700.134)
Greiddur rekstrarkostnaður		(114.425.916)	(131.796.836)
Innborgaðar tekjur af fjárfestingaverkefnum		133.948.021	95.667.444
Greiddir styrkir		(8.323.334)	(3.030.000)
	Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	251.746.358	(37.478.797)
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir fastafjármunir		0	(2.020.000)
Ný útlán		(336.110.469)	(289.764.790)
Keypt í samlagssjóðum		(323.179.475)	(39.509.440)
Keyptir eignarhlutir		(718.674.648)	(662.258.316)
Seldir eignarhlutir		4.720.000	36.819.309
Sala samlagssjóða		0	73.387.237
Seldir fastafjármunir		150.000	0
Fengnar afborganir útlána		406.903.084	36.065.194
	Fjárfestingahreyfingar	(966.191.508)	(847.280.806)
Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað frá Ríkissjóði Íslands vegna samlagssjóða		323.179.475	48.179.553
Greiddar afborganir langtímalána		(3.588.667)	(3.271.005)
Ríkisábyrgðarsjóður, breyting		20.834.183	0
Greidd skuld vegna afleiðusamnings		0	(25.573.100)
	Fjármögnunarhreyfingar	340.424.991	19.335.448
Hækkun (lækkun) handbærs fjár		(374.020.159)	(865.424.155)
Handbært fé í upphafi árs		1.900.655.165	2.766.079.320
Handbært fé í lok árs		1.526.635.006	1.900.655.165

SKÝRINGAR

1. Starfsemi

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins starfar samkvæmt lögum nr. 61/1997 og er samkvæmt þeim sjálfstæð stofnun í eigu Ríkissjóðs Íslands. Yfirumsjón með sjóðnum er í höndum iðnaðarráðherra.

Hlutverk Nýsköpunarsjóðs er að stuðla að uppbyggingu og vexti íslensks atvinnulífs með því að taka þátt í fjárfestingum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Í þessu skyni er sjóðnum heimilt að leggja fram hlutafé, veita lán og ábyrgðir.

Starfsemi Nýsköpunarsjóðs skiptist í tvær deildir, Stofnsjóð og Tryggingardeild útflutningsins.

Stofnsjóður

Í Stofnsjóði er eigið fé sjóðsins eins og það er varðveitt og ávaxtað á hverjum tíma. Undir Stofnsjóð heyrir allur almennur rekstur Nýsköpunarsjóðs, deilda hans og sjóða.

Tryggingardeild útflutnings

Deildinni er ætlað að veita tryggingar og ábyrgðir til þess að efla íslenskan útflutning vöru og þjónustu, auka íslenskar fjárfestingar erlendis, þátttöku í verklegum framkvæmdum erlendis og þátttöku í stærri verklegum framkvæmdum hérlendis.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslökagengi	
	2009	2008	31/12/2009	31/12/2008
Evra (EUR)	173,15	127,81	180,38	170,44
Bandaríkjadalur (USD)	123,89	88,28	125,20	121,16
Dönsk króna (DKK)	23,26	17,14	24,24	22,88
Sænsk króna (SEK)	16,35	13,23	17,57	15,60

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Sjóðurinn er undanþeginn tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Fjárfestingaverkefni

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að fráregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Vörslutekjur og þóknunartekjur

Vörslutekjur

	2009	2008
Vaxtatekjur af bankainnstæðum.....	1.845.178	5.563.852
Vaxtatekjur af verðbréfum.....	306.247	9.651.115
Hækkun/(lækkun) virði eignarhluta í vörslusjóðum.....	240.082.576	(16.664.812)
	<hr/> 242.234.001	<hr/> (1.449.845)

Þóknunartekjur

Fengnar þóknanir af ábyrgðum	1.682.200	3.155.490
Aðrar þóknunartekjur.....	0	455.574
	<hr/> 1.682.200	<hr/> 3.611.064

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2009	2008
Laun	55.898.949	48.857.328
Lífeyrissjóður	8.279.573	7.446.045
Önnur launatengd gjöld	5.381.733	4.006.685
Annar starfsmannakostnaður	1.809.202	1.341.737
	<hr/> 71.369.457	<hr/> 61.651.795
Stöðugildi að meðaltali.....	6	5

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2009 námu 18,9 milljónum króna.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Innréttingar, skrifstofuáh.	Tölvubúnaður	Bifreið	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	8.684.317	1.469.885	4.250.000	14.404.202
Afskrifað í ársbyrjun	(6.401.885)	(1.322.896)	(1.487.500)	(9.212.281)
Bókfært verð í ársbyrjun	2.282.432	146.989	2.762.500	5.191.921
Selt á árinu.....	(150.000)	0	0	(150.000)
Afskrift ársins	(404.000)	0	(637.500)	(1.041.500)
Bókfært verð í lok ársins.....	1.728.432	146.989	2.125.000	4.000.421
Vátryggingarmat eigna félagsins í árslok greinist þannig:				Vátryggingamat
Innréttingar, tæki og bifreiðar.....				8.186.753

6. Eignarhlutar

Fjárfesting í hlutabréfum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira en 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Verðbréfin eru færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2009	2008
Eignarhlutar í upphafi árs	2.030.089.054	1.404.606.275
Fjárfest í nýjum eignarhlutum.....	718.674.647	662.258.225
Seld fjárfestingaverkefni	(3.220.000)	(36.731.694)
Endanlega afskrifaðir eignarhlutar.....	0	(160.283.717)
Óútborguð fjárfestingarverkefni. breyting.....	(117.139.964)	160.239.965
	2.628.403.737	2.030.089.054

Áhættuhlutabréf í eigu sjóðsins greinast þannig:

	Eignarhluti	Kaupverð
AGR - Aðgerðagreining ehf.	10,0%	24.192.457
Alur - álvinnsla ehf.	11,1%	8.577.000
Atall ehf.	47,0%	54.000.000
Auris ehf.	14,8%	25.500.000
Betware á Íslandi hf.	1,7%	10.000.000
Akthelía ehf.	15,0%	25.000.000
Dohop ehf.	10,3%	120.510.000
Fiskey hf.	0,4%	562.067
Fjölblendir ehf.	11,0%	138.594.391
Frumtak GP ehf.	50,0%	5.000.000
Gagnavarslan ehf.	13,3%	28.094.112
Genís ehf.	45,5%	132.917.302
Gogogic ehf.	29,5%	72.000.000
Gogoyoko ehf.	26,9%	115.005.000
Grapwire ehf.	25,0%	50.000.000
Hafmynd ehf.	31,6%	212.007.241
Icelandic Green Polyols Inc. (Pólýol verksmiðjan ehf.)	17,6%	54.135.701
Innovit ehf.	22,0%	150.000
Intel Scan Örbylgutækni ehf.	49,0%	77.399.336
Íshestar ehf.	19,1%	31.765.665
Kerecis ehf.	13,9%	15.000.000
Kine ehf.	37,1%	98.689.749
Lh-tækni ehf.	6,5%	9.659.374
Latibær ehf.	1,9%	33.499.248
Lífeind ehf.	43,7%	35.000.000
Marorka ehf.	18,5%	85.298.870
Menn og mús ehf.	18,7%	75.183.114
Mentis Cura ehf.	9,0%	66.000.000
Mentor ehf.	22,2%	60.605.500
Nikita ehf.	46,9%	347.030.524
Norrænar myndir ehf.	34,2%	63.618.121
Oxymap ehf.	24,8%	65.450.000
Primex hf.	16,8%	150.722.798
Sjávarleður hf.	49,1%	47.064.425
Spakmannsspjarir ehf.	5,0%	3.000.000
Stiki ehf.	33,1%	100.000.000
Stjörnu-Oddi hf.	35,8%	52.521.742
Valka ehf.	29,1%	56.300.000
Óútborguð fjárfestingaloforð.		78.350.000
		<hr/>
		2.628.403.737
		<hr/>

7. Útlán

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2009	2008
Útlán í upphafi.....	669.231.507	289.241.411
Ný útlán.....	336.110.470	475.819.356
Verðbætur/gengishagnaður.....	7.415.356	110.251.332
Afborganir útlána.....	(406.903.083)	(207.572.394)
Áfallnir vextir. breyting.....	10.256.484	15.125.375
Endanlega afskrifuð útlán.....	(6.963.163)	(13.633.573)
Áhættulán. fært sem skammtímakröfur.....	(70.655.914)	0
	<hr/> 538.491.657	<hr/> 669.231.507

8. Samlagssjóðir

Nýsköpunarsjóði er heimilt að taka þátt í samlagssjóðum og samlagshlutafélögum sem stunda fjárfestingar í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur Nýsköpunarsjóðs minna en 50%.

Fjárfesting í samlagssjóðum er færð á kostnaðarverði þó um sé að ræða eignarhluti þar sem hluturinn nemur meira 20% þar sem ekki er unnt að beita hlutdeildaraðferð sbr. 70 gr. ársreikningalaganna. Eignarhlutir í samlagssjóðum eru færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

	2009	2008
Samlagssjóðir í upphafi.....	148.542.530	182.420.327
Fjárfestingar í samlagssjóðum.....	323.179.475	39.509.440
Seldir samlagssjóðir.....	0	(73.387.237)
	<hr/> 471.722.005	<hr/> 148.542.530

Samlagssjóðir sjóðsins sundurliðast þannig:

	Hlutdeild	Kaupverð
Frumtak GP ehf.....	37,04%	239.074.075
Auður I.....	7,80%	28.553.117
Brú II.....	4,30%	204.094.813
		<hr/> 471.722.005

9. Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna

Afskriftareikningur fjárfestingaverkefna er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir áhættufjárfestingu. Lagt er í þennan reikning árlega með hliðsjón af metinni áhættu hverju sinni.

Breyting á afskriftareikningi greinist svo:

	2009	2008
Afskriftareikningur í upphafi árs	710.984.522	655.917.585
Framlag ársins í afskriftareikning	246.764.894	341.743.007
Endanlega töpuð fjárfestingaverkefni	(14.183.861)	(286.676.070)
Innkomin áður töpuð fjárfestingaverkefni	599.593	0
	<hr/> 944.165.148	<hr/> 710.984.522

10. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur

	31/12 2009	31/12 2008
Krafa á Ríkisábyrgðasjóð	0	9.200.800
Aðrar viðskiptakröfur	876.690	809.252
Aðrar skammtímakröfur	70.660.914	10.925.776
	<hr/> 71.537.604	<hr/> 20.935.828

11. Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og vörslusjóðum.

	31/12 2009	31/12 2008
Vörslusjóðir	1.492.161.498	1.830.478.922
Bankainnstæður og sjóðir	34.473.507	70.176.243
	<hr/> 1.526.635.005	<hr/> 1.900.655.165

Vörslusjóðir

Nýsköpunarsjóður hefur gert samninga um ávöxtun og fjárvörslu við aðila innanlands.

	2009	2008
Fjárvarsla í erlendri mynt.....	221.072.656	404.687.494
Fjárvarsla í íslenskum krónum.....	1.271.088.842	1.425.791.428
	<hr/> 1.492.161.498	<hr/> 1.830.478.922

Próun vörslusjóða greinist þannig:

	2009	2008
Staða í upphafi árs.....	1.830.478.922	2.627.829.817
Innborgað til fjárvörsluaðila.....	80.000.000	0
Útborgað frá fjárvörsluaðilum.....	(658.400.000)	(780.227.828)
Markaðsbreytingar vörslusjóða.....	240.082.576	(17.123.067)
	<hr/> 1.492.161.498	<hr/> 1.830.478.922

12. Eigið fé

Innborgað stofnfé er samtals kr. 4.821.767.472. Í 7. gr. laga nr. 61/1997 með síðari breytingum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins segir að eigið fé Nýsköpunarsjóðs skuli að lágmarki vera 3.000 millj.kr. Lágmarksfjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1. janúar 2007. Eigið fé í árslok er kr. 4.168 milljónir króna í árslok 2009 og til samanburðar er lágmarksfjárhæð sú sem sett er fram í lögum og vitnað er til hér að ofan 4.033 milljónir króna. Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

Hreyfingar eigin fjár greinast á eftirfarandi hátt:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Flutt frá fyrra ári.....	4.821.767.472	(990.359.145)	3.831.408.327
Innborgun frá Ríkissjóði.....	0	323.179.474	323.179.474
Hagnaður ársins.....	0	13.084.340	13.084.340
	<hr/> 4.821.767.472	<hr/> (654.095.331)	<hr/> 4.167.672.142

Eigið fé Nýsköpunarsjóðs skiptist með eftirfarandi hætti milli einstakra deilda:

	31/12 2009	31/12 2008
Stofnsjóður	4.157.508.471	3.822.198.236
Tryggingardeild útflutnings.....	10.163.671	9.210.091
	4.167.672.142	3.831.408.327

Samkvæmt 12. grein laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, er miðað við að iðgjöld og tryggingarhlutföll standi undir rekstri Tryggingardeildar útflutnings, greiðslu tjónabóta og myndunar varasjóðs þannig að starfsemin standi undir sér til lengri tíma litið. Tekjuafgangur leggst í sérstakan varasjóð og skal honum varið til greiðslu tjónabóta. Ríkissjóður ábyrgist að öðru leyti skuldbindingar deildarinnar. Hagnaður ársins nemur 953.580 krónum.

13. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Viðskipti við tengd félög árið 2009	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf.....	0	7.970.813	5.056.649	0
	0	7.970.813	5.056.649	0
Viðskipti við tengd félög árið 2008	Keypt þjónusta og vörur	Þátttaka í kostnaði	Kröfur	Skuldir
Frumtak GP ehf.....	0	0	8.309.835	0
	0	0	8.309.835	0

14. Langtímaskuldir

Skuldir við lánastofnanir:

	2009	2008
Skuldir í ISK.....	28.709.341	29.950.557
	<hr/>	<hr/>
	28.709.341	29.950.557
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(3.588.667)	(3.378.240)
Langtímaskuldir í árslok	<hr/>	<hr/>
	25.120.674	26.572.317

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Skuldir við lánastofnanir	
Næsta árs afborganir		3.588.667
Afborganir 2011		3.588.667
Afborganir 2012		3.588.667
Afborganir 2013		3.588.667
Afborganir 2014		3.588.667
Afborganir síðar		10.766.006
		<hr/>
		28.709.341

15. Aðrar peningalegar skuldir

Aðrar skammtímaskuldir

	31/12 2009	31/12 2008
Áfallnir vextir.....	120.260	128.008
Ógreiddur kostnaður.....	3.112.540	3.120.287
Áunnið orlof	6.041.765	4.149.475
Skuld við Ríkisábyrgðarsjóð	11.633.383	0
	<hr/>	<hr/>
	20.907.948	7.397.770

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31/12 2009	31/12 2008
Skuldir við lánastofnanir.....	3.588.667	3.378.240
	<hr/>	<hr/>
	3.588.667	3.378.240

16. Skuldir vegna verkefna

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um fjárfestingar til nokkurra fyrirtækja annaðhvort í formi eignarhluta eða útlána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þessi loforð hafa verið færð í ársreikning sjóðsins meðal skammtímaskulda. Skuldbinding í árslok nemur samtals 78,4 milljónum króna.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur veitt loforð um styrkveitingar til nokkurra aðila að uppfylltum skilyrðum samtals að fjárhæð um 5,5 milljónir króna. Þessi loforð eru færð meðal skammtímaskulda sjóðsins. Heildarfjárhæð greiddra styrkja á árinu nam um 8,3 milljónum króna.

17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Nýsköpunarsjóður hefur skuldbundið sig til þátttöku í þremur samlagssjóðum, Auði 1, Brú II og Frumtaki slhf. samtals að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Ógreidd fjárfestingaloforð vegna þessara samlagssjóða nema í lok ársins um 1.528,3 milljónum króna. Ríkissjóður Íslands hefur skuldbundið sig til að leggja stofnfjárframlag til Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að fjárhæð 1.028,3 milljónir króna svo að sjóðurinn geti mætt þessum skuldbindingum í samlagssjóðum.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs hefur samþykkt að veita ábyrgðir til þriðja aðila til tryggingar bankalána. Í árslok 2009 nema veittar ábyrgðir 82,6 milljónum króna.

Tryggingardeild útflutnings hefur veitt ábyrgðir til þriðja aðila. Á reikningsskiladegi voru eftirstöðvar þessara ábyrgða um 223,1 milljón króna sem jafngildir um 1,1 milljónum í sérstökum dráttarréttindum. Samkvæmt lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins mega heildarskuldbindingar Tryggingardeildar ekki nema hærri fjárhæð en 130 milljónum í sérstökum dráttarréttindum.

Endurgreiðslutími ábyrgðarskuldbindinga Tryggingardeildar greinist þannig:

	31/12 2009
Gjaldfallin ábyrgð.....	27.691.704
Til endurgreiðslu á árinu 2010.....	0
Til endurgreiðslu á árinu 2011.....	195.358.743
	<hr/> 223.050.447

18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 14. mars 2010.

Nýsköpunarsjóður

Kringlan 7 - 103 Reykjavík
Sími 510 1800 - fax 510 1509
www.nsa.is - nsa@nsa.is

Umsjón, hönnun og umbrot: Tunglið-auglýsingastofa
Prentun: Svansprent
Landslagsmyndir: NordicPhotos.
Aðrar ljósmyndir: Ýmsir ljósmyndarar.



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR